

Skólaráðsfundur í Flataskóla 26. september 2022

Mættir: Edda Gíslrún Kjartansdóttir aðst. skólastj., Hanna Lóa Friðjónsdóttir fltr. kennara, Katrín Anna Eyvindardóttir fltr. kennara, Guðrún Yrsa Richter fltr. foreldra, Sólveig Auður Bergmann fltr. foreldra.

1. Starfsáætlun Flataskóla 2022-2023

Drög að starfsáætluninni voru send út nokkrum dögum fyrir fund og leitað eftir athugasemdum. Umræða á fundinum um safnmöppur og síðan var starfsáætlunin samþykkt án athugasemda. Skólastjórnendur ljúka prófarkalestri og uppsetningu og senda plaggið síðan til yfirferðar hjá fræðsluviði.

2. Önnur mál

Fulltrúi foreldra spurði um gang mála varðandi viðhald og myglumælingar á skólahúsnæðinu. Sagt frá því að mæling sem beðið var um s.l. vor verði framkvæmd fljótlega og að þær framkvæmdir sem fara áttu fram í sumar hafi aðeins farið fram að litlu leyti. Skólaráðsfulltrúi ætlar að leita eftir fólki til að koma með sér á fund með framkvæmdarsviði og fleirum á bæjarskrifstofu til að leita svara varðandi ferlið.

Næsti fundur áformaður 17. október